

Þriðjudaginn 13. desember 1983.

Nr. 130/1981. **Múrarafélag Reykjavíkur**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sýsluvegasjóði Árnassýslu**

(Sigurður Baldursson hrl.).

Vegaskattur. Lögtak.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefndu 12. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. maí s. á. samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framkvæmd lögtaks. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi haft uppi þá málsástæðu, að öll vegagerð um orlofssvæðið í Öndverðarnesi frá Biskupstungnabraut, svo og viðhald þeirra vega, hafi verið framkvæmd á kostnað landeigenda og að þeir hafi ekki fengið neitt framlag úr sýsluvegasjóði. Skattlagning sú, sem um er fjallað í máli þessu, skapi áfrýjanda engan rétt, heldur sé hún til hagsbóta öðrum fasteignaeigendum í sýslufélaginu. Fáí slík skattlagning ekki samrýmst ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Áfrýjandi hreyfði þessari málsástæðu ekki fyrir fógetaréttinum. Er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, til að hún komi til álita fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður kröfu sína þeim rökum, að bygging sú, sem um er fjallað í máli þessu, sé félagsheimili og því undanþegin vegaskatti samkvæmt 24. gr. laga nr. 6/1977. Bygging þessi er sundlaug ásamt búningsklefum. Slík bygging verður ekki talin vera félagsheimili í merkingu þess orðs í fyrrgreindu lagaákvæði og því ekki undanþegin vegaskatti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur.

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjandi, Múrarafélag Reykjavíkur, greiði stefnda, Sýsluvegasjóði Árnessýslu, 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður fógætaréttar Árnessýslu 22. febrúar 1981.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í þinghaldi 13. þ. m., er þannig til komið, að mánudaginn 2. þ. m. var það fyrir tekið í fógætarétti Árnessýslu, háðum við sundlaugarmannvirki í landi Öndverðarness I í Grímsneshreppi, eign Múrarafélags Reykjavíkur, að gera lögtak fyrir ógreiddum vegaskatti af þeirri eign, álögðum fyrir árið 1979 samkvæmt 23. gr. vegalaga, kr. 985.20. Í því þinghaldi mætti fyrir hönd gerðarpóla héraðsdómslögmaður Gunnar Sæmundsson og mótmælti framgangi gerðarinnar á þeirri forsendu, að sundlaugarmannvirkin séu félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga nr. 6/1977 og því undanþegin vegaskatti skv. 23. gr. vegalaga. Hann krafðist enn fremur málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Fógeti leitaði sátta, en án árangurs. Að ósk lögmanns gerðarpóla var málinu frestað til 13. þ. m. Í þinghaldi 13. þ. m. skýrði talsmaður gerðarbeiðanda, Sýsluvegasjóðs Árnessýslu, dráttarvaxtakröfu sjóðsins þannig, að kráfst væri hæstu lögleyfðra dráttarvaxta frá 1. jan. 1981 til greiðsludags. Í sama þinghaldi lagði talsmaður gerðarpóla fram skriflega greinargerð, og skv. ákvörðum fógæta um skriflegan málflutning var málið tekið til úrskurðar þann dag.

Þeirri skoðun sinni til stuðnings, að líta beri á umrædd sundlaugarmannvirki sem félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga, bendir talsmaður gerðarpóla á, að samkvæmt almennri málvenju, eins og hún kemur fram m. a. í orðabók Menningarsjóðs, sem út kom árið 1963, hafi orðið félagsheimili tvær merkingar, aðra þrönga, þ. e. „samkomuhús,“ en hina rýmri, þ. e. „bækistöð fyrir starfsemi félaga (ákveðinna hópa).“ Hann bendir enn fremur á, að þar sem ekki komi fram í vegalögum, greinargerð með þeim né í umræðum á Alþingi við setningu vegalaga, hvernig skýra beri orðið félagsheimili, verði að styðjast við almenna málvenju um skýringu þess orðs. Af hálfu gerðarpóla er því haldið fram með vísan í 40. grein stjórnarskrárinnar, að skýra beri undanþáguákvæði skattalaga rúmt og að sundlaugarmannvirki þau, sem hér um ræðir, falli undir rýmri skýringarkostinn, þar sem umrædd mannvirki eru bækistöð fyrir einn þáttinn í starfsemi Múrarafélags Reykjavíkur, þ. e. þann þátt í starfsemi félagsins að skapa félagsmönnum í orlofsdvöl aðstöðu til hollrar tómstundaiðju og líkams-

þjálfunar. Samkvæmt þessu verði því að telja sundlaugarmannvirkin félagsheimili í skilningi 24. gr. vegalaga.

Ekki verður á þá skoðun lögmannsins fallist, að skýra beri undanþáguákvæði 24. gr. vegalaga rúmt. Að áliti fógeta er réttara að líta svo á, meðal annars með tilliti til undirstöðuraka stjórnarskrárinnar um jafnrétti þegnanna, sem fram kemur t. d. í 78. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir: „Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög,“ að skýra beri undanþágur frá álagningu, sem stoð á í skýru og ótvíræðu ákvæði 23. greinar vegalaga, þröngri lögskýringu. Það sjónarmið, að skýra beri ákvæði, er lúta að skattaundanþágum þröngt, kemur einnig fram, t. d. í Hrd. XVI, 197.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki rétt að skýra orðið félagsheimili í undanþáguákvæði 24. gr. vegalaga það rúmt, að það verði talið til sundlaugarmannvirkja þeirra, sem mál þetta varðar.

Vegaskattur af umræddum sundlaugarmannvirkjum er á lagður með heimild í skýru og ótvíræðu ákvæði 23. greinar vegalaga nr. 6/1977. Skattinum fylgir lögtaksréttur samkvæmt sömu lagagrein. Almennur lögtaksúrskurður vegna sýsluvegagjalda, álögðum í Árnessýslu fyrir árið 1979, var upp kveðinn 19. ágúst sl. og birtur þrem sinnum í Ríkisútvarpinu 19. og 20. ágúst sl. Við byrjun gerðarinnar var af hálfu gerðarþola mætt og með því samþykkt að hefja gerðina á eigninni sjálfri. Ekkert hefur því komið fram, sem hamli því, að hið umbeðna tögtak fari fram. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður. Halldór Jón Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan,

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður fellur niður.